

# GJALDSKRÁ

## vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

### 1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber mannelismarkmið.

### 2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 640 fyrir hverja máltíð.

### 3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mótuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

### 4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 205 fyrir staka síðdegishressingu.

### 5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. og Matartíma ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar.

Fyrirtækin annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 7. desember 2023 og öðlast gildi 1. janúar 2024.

*Garðabæ, 7. desember 2023*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*